

Ár 2016, miðvikudaginn 6. júlí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

**Að ákveða laun og starfskjör formanns
úrskurðarnefndar velferðarmála og þriggja
nefndarmanna sem skipaðir eru í fullt starf**

I.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála heyrir undir kjararáð að ákveða launakjör formanns úrskurðarnefndar velferðarmála og þriggja nefndarmanna sem skipaðir eru í fullt starf.

II.

Kjararáði bárust 4. janúar 2016 afrit af skipunarbréfum formanns og þriggja nefndarmanna úrskurðarnefndar velferðarmála sem skipaðir voru í embætti frá og með 1. janúar 2016. Fram kemur að formaður gegni jafnframt embætti forstöðumanns nefndarinnar.

Með bréfum dagsettu 29. janúar 2016 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og velferðarráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna fyrirhugaðrar ákvörðunar kjararáðs um launakjör formanns og þriggja nefndarmanna úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var nýskipuðum formanni og nefndarmönnum með bréfum dagsettu sama dag gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, sbr. 13. gr. stjórnáskýslulaga nr. 37/1993.

Kjararáði bárust bréf frá formanni og þremur nefndarmönnum úrskurðarnefndar velferðarmála dagsett 14. og 15. febrúar 2016. Í bréfunum kemur fram að með lögum um úrskurðarnefnd velferðarmála nr. 85/2015 hafi sex úrskurðar- og kærunefndir verið sameinaðar í eina úrskurðarnefnd. Líta beri til þess að málefnasvið úrskurðarnefndarinnar sé mjög fjölbreytt og megi að flestu leyti jafna verkswiði hennar við dómstóla. Þannig varði þau erindi sem berist nefndinni fjölmörg svið lögfræðinnar og geti einstök erindi varðað fleiri en eitt réttarsvið. Þannig séu málsmeðferðarreglur og afleiddar réttarreglur grundvöllur að starfi úrskurðarnefndarinnar. Einnig leiði þau réttindi sem aðila máls séu falin á grundvelli stjórnáskýslulaga og viðkomandi sérlaga til þess að nefndinni beri að rannsaka réttindi málsaðila í viðkomandi stjórnáskýslumáli til hlítar. Þannig geri sérlög í málaflokkum nefndarinnar í mörgum tilvikum ráð fyrir því að ýmis önnur réttarsvið séu rannsökuð til að unnt sé að komast að niðurstöðu í máli og kveða upp úrskurð. Til kasta nefndarinnar komi því úrlausnarefni á sviði skaðabótaréttar, gjaldþrotaréttar, hjúskaparéttar, skattaréttar, félagaréttar, kröfuréttar og á fleiri réttarsviðum.

Í bréfunum segir einnig að úrskurðarnefnd velferðarmála eigi sér ekki hliðstæðu í íslenskrí stjórnáskýslu meðal annars vegna fjölda málaflokka sem falli undir starf hennar og fjölda fastra nefndar- og starfsmanna. Auk formanns og nefndarmanna í úrskurðarnefndinni séu aðrir starfsmenn sjö en gert sé ráð fyrir að þeir verði 13 til 14 þegar fram líða stundir. Þá séu séu skipaðir átta aðalmenn og átta varamenn í nefndina. Úrskurðarnefndin muni starfa í fjórum deildum þar sem þrír nefndarmenn sitja í hverri deild. Formaður eða nefndarmaður sem skipaður sé í fullt starf stýri störfum nefndarinnar við umfjöllun máls. Formaður ákveði hvernig nefndin sé skipuð í hverju máli. Ef mál sé viðamikill eða fordæmisgefandi geti formaður ákveðið að fimm menn eigi sæti í nefndinni. Í bréfunum segir að formaður og nefndarmenn sem skipaðir séu í fullt starf verði að hafa vald á öllum þeim málaflokkum sem undir nefndina heyri en gert sé ráð fyrir að nefndarmenn fari á milli deilda meðal annars til að tryggja betur samræmda og vandaða málsmeðferð. Úrskurður nefndarinnar sé lokaákvörðun máls á stjórnáskýslustigi.

Þá segir í bréfunum að á tímabilinu 2011 til 2015 hafi þeim nefndum sem sameinaðar hafi verið í úrskurðarnefnd velferðarmála borist að meðaltali 857 mál á ári. Í mörgum nefndanna hafi álag verið mjög mikið þar sem málafjöldinn hafi verið umfram það sem áætlað hafi verið í upphafi. Umræddu álagi hafi verið mætt með yfirvinnu starfsmanna nefndanna auk þess sem nefndarmenn hafi í auknum mæli sinnt úrskurðarvinnu. Ekki hafi verið gert ráð fyrir því í upphafi að nefndarmenn í aukastörfum sinntu af slíkum þunga þeim málum sem til nefndanna bárust. Vegna þessa mikla álags hafi

málsmeðferðartími verið langur og fjöldi mála verið afgreiddur eftir að lögbundinn afgreiðslutími var liðinn. Það hafi meðal annars verið vegna þessa sem ákveðið hafi verið að formaður og þrír nefndarmenn úrskurðarnefndar velferðamála yrðu í fullu starfi. Þannig sé gert ráð fyrir að vinnuálag vegna mála fari af nefndarmönnum sem sinna nefndarsetu með öðrum störfum yfir á formann og nefndarmenn í fullu starfi. Í lögum nr. 85/2015 sé kveðið á um að úrskurður skuli að jafnaði kveðinn upp svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan þriggja mánaða eftir að mál berist úrskurðarnefndinni. Það leiði til þess að starfsálagi verði ekki jafnað út og yfirvinnu er frekar þörf en ella. Í bréfi formanns úrskurðarnefndarinnar segir jafnframt að formaður deili verkefnum milli starfsmanna og sjái til þess að störf úrskurðarnefndarinnar séu unnin af fagmennsku og á árangursríkan hátt. Mikilvægt sé að tryggja góð samskipti við þær stofnanir sem sjái um ákvarðanatöku sem kæránleg sé til úrskurðarnefndarinnar í hverjum málaflökki fyrir sig. Formaður beri ábyrgð á fjármálum úrskurðarnefndarinnar og komi fram fyrir hönd hennar út á við, innanlands sem utan. Segir jafnframt að úrskurðarnefnd velferðarmála hafi til meðferðar afar viðkvæma málaflökka sem krefjist víðtækrar sérfræðipækkingar og varði ríka persónulega hagsmuni.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 16. febrúar 2016. Þar segir að úrskurðarnefnd velferðarmála hafi tekið til starfa 1. janúar 2016. Telur ráðuneytið rétt að kjararáð horfi til sambærilegra starfa við ákvörðun á launakjörum formanns og nefndarmanna úrskurðarnefndar velferðarmála. Jafnframt að gætt sé jafnræðis við ákvarðanir kjararáðs.

Velferðarráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 25. febrúar 2016. Fram kemur að með lögum nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála hafi eftirtaldar sex úrskurðar- og kærunefndir verið sameinaðar í eina nefnd: Kærunefnd barnaverndarmála, kærunefnd greiðsluáðlögunarmála, úrskurðarnefnd almannatrygginga, úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða, úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála og úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála. Eins og fram komi í framangreindri upptalningu sé hér um að ræða úrskurði á sviði margra ólíkra málaflökka og byggi kærueimildir á 16 sérlögum á sviði velferðarráðuneytisins. Meðalfjöldi kæra í nefndum þeim sem sameinuðust í úrskurðarnefnd velferðarmála hafi verið 857 á ári síðastliðin fimm ár. Í bréfi ráðuneytisins segir enn fremur að úrskurðarnefndina skipi tólf nefndarmenn. Formaður nefndarinnar og þrír aðrir nefndarmenn séu skipaðir af ráðherra í fullt starf og skuli þeir uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Ráðherra skipi síðan átta aðra nefndarmenn til nefndarstarfa. Nefndin sé sjálfstæð eining utan ráðuneytisins og gegni formaður nefndarinnar jafnframt embætti forstöðumanns og beri því ábyrgð á störfum hennar, fjárhag og daglegum rekstri og ráði aðra starfsmenn. Úrskurðarnefndin starfi í fjórum þriggja manna deildum og stýri formaður og þeir þrír nefndarmenn sem skipaðir séu í fullt starf störfum hveftrar deildar samkvæmt ákvörðun formanns. Eins og greint hafi verið frá berist árlega mikill fjöldi stjórnslukæra vegna ákvarðana á þeim sviðum sem úrskurðarnefndin fjalli um. Hér sé því um að ræða mjög umfangsmikið verkefni og úrskurðir nefndarinnar varði oft mikilsverða hagsmuni kæranda, í sumum tilvikum lífsafkomu þeirra. Ráðuneytið leggi áherslu á að við ákvörðun launa formanns og nefndarmanna verði litið til þess mikilvæga, vandasama og umfangsmikla hlutverks sem nefndinni sé falið og þeirrar ábyrgðar sem formaður/forstöðumaður hafi á störfum nefndarinnar og nefndarmaður á störfum sinnar deildar. Einnig að litið verði til launa formanna eða forstöðumanna og nefndarmanna annarra nefnda sem skipaðir séu í fullt starf hjá nefndum sem starfi sem sjálfstæðar einingar utan ráðuneyta. Megi þar nefna úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, yfirskattanefnd og kærunefnd útlendingamála. Við þann samburð verði tekið tillit til málafjölda og þeirra mörgu og ólíku sviða sem nefndin fjalli um ásamt þeirri auknu ábyrgð sem felist í því að stýra starfi deildar.

Með bréfi dagsettu 8. mars 2016 fengu formaður og nefndarmenn úrskurðarnefndar velferðarmála send framangreind bréf ráðuneytanna til kynningar og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Engar athugasemdir bárust.

Í bréfi formannsins dagsettu 9. júní 2016 kemur fram að samkvæmt nýjum lögum frá Alþingi um almennar íbúðir geti málsaðili skotið stjórnvaldsákvörðunum sem teknar eru á grundvelli laganna til úrskurðarnefndar velferðarmála.

III.

Úrskurðarnefnd velferðarmála starfar samkvæmt lögum nr. 85/2015 og tók til starfa 1. janúar 2016. Með lögnum voru eftirtaldar sex úrskurðar- og kæruneindir sameinaðar í eina úrskurðarnefnd: Kæruneind barnaverndarmála, kæruneind greiðsluaðlögunarmála, úrskurðarnefnd almannatrygginga, úrskurðarnefnd atvinnuleysisstrygginga og vinnumarkaðsaðgerða, úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála og úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að nefndum lögum kemur fram að tilgangur breytinganna sé að auka hagkvæmni og bæta vinnubrögð. Mikil fjölgun hafi orðið á undanförunum árum á kærur til úrskurðar- og kæruneinda á sviði velferðarráðuneytisins en margar nefndanna hafi átt í erfiðleikum með að anna þessum fjölda og hafi umboðsmaður Alþingis margsinnis gert athugasemdir við að úrskurðir hafi ekki verið kveðnir upp innan lögbundinna fresta. Fram kemur í greinargerðinni að úrskurðir varði oft mikilsverða hagsmuni kæranda, í sumum tilvikum lífsafkomu þeirra og því brýnt að úr því verði bætt.

Samkvæmt fyrrnefndum lögum nr. 85/2015 er hlutverk úrskurðarnefndar velferðarmála að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana eftir því sem mælt er fyrir um í lögum sem kveða á um málskot til nefndarinnar. Úrskurðarnefndin er sjálfstæð og óháð í störfum sínum og skal skipuð 12 mönnum. Ráðherra skipar formann nefndarinnar og þrjú nefndarmenn í fullt starf til fimm ára að undangenginni auglýsingu samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um embættismenn og að fenginni umsögn matsnefndar. Þeir skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Ráðherra skipar átta aðra nefndarmenn og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Þrír þeirra skulu hafa embættis- eða meistaraþróf í lögfræði, einn skal vera læknir og einn skal hafa sérþekkingu á sviði barnaverndarmála. Þess skal gætt að innan nefndarinnar sé jafnan nauðsynleg sérþekking á þeim sviðum sem fjallað er um í nefndinni. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn. Formaður gegnir jafnframt embætti forstöðumanns úrskurðarnefndarinnar, hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber ábyrgð á fjárhag hennar og daglegum rekstri. Hann fer með fyrirsvar nefndarinnar út á við og ræður starfsfólk hennar.

Úrskurðarnefndin skal starfa í fjórum þriggja manna deildum. Ef mál er viðamikil eða fordæmisgefandi getur formaður ákveðið að fimm menn eigi sæti í nefndinni. Formaður ákvarðar hvernig nefndin er skipuð í hverju máli. Hann skal gæta þess að í nefndinni eigi hverju sinni sæti þeir sem bestu þekkingu hafa til úrlausnar málsins. Formaður eða nefndarmaður sem skipaður er í fullt starf stýrir störfum nefndarinnar við umfjöllun máls. Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meirihluti niðurstöðu máls. Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða menn við meðferð einstakra mála. Skulu þeir starfa með nefndinni við undirbúning og meðferð máls eftir ákvörðun formanns.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærrí en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Úrskurðarnefnd velferðarmála er ný stjórnslunefnd og tók til starfa 1. janúar 2016 þegar sex úrskurðar- og kæruneindir voru sameinaðar í eina úrskurðarnefnd. Kjararáð hefur því ekki áður ákveðið formanni hennar og nefndarmönnum laun. Við ákvörðun launa formanns úrskurðarnefndar velferðarmála og þriggja nefndarmanna sem skipaðir eru í fullt starf hefur kjararáð haft hliðsjón af launakjörum annarra forstöðumanna úrskurðarnefnda sem og þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun formanns úrskurðarnefndar velferðarmála og þriggja nefndarmanna sem skipaðir eru í fullt starf skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2016 skulu mánaðarlaun formanns úrskurðarnefndar velferðarmála vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 137, nú 989.836 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Frá sama tíma skulu mánaðarlaun þriggja nefndarmanna í úrskurðarnefnd velferðarmála sem skipaðir eru í fullt starf vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 135, nú 925.856 krónur. Að auki skal greiða þeim 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokk 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör formanns úrskurðarnefndar velferðarmála og þriggja nefndarmanna sem skipaðir eru í fullt starf gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber